

**49. fundur (aukafundur) sveitarstjórnar Langanesbyggðar, fimmtudaginn 29. mars 2012  
kl.16:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, Ólöf K. Arnmundsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Steinunn Leósdóttir og Ævar Rafn Marinósson. Einnig sátu fundinn Magnús Jónsson, endurskoðandi frá KPMG, og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

**DAGSKRÁ:**

**1. Ársreikningur Langanesbyggðar 2011 – fyrri umræða.**

Sveitarstjóri, ásamt Magnúsi Jónssyni, fór yfir helstu tölur í ársreikningi Langanesbyggðar, ásamt sundurliðunum. Jafnframt var lögð fram skýrsla endurskoðenda.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessarra fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2011 námu rekstrartekjur A og B hluta 589,4 millj. kr. samanborið við 553,0 millj. kr. á árinu 2010. Hækkun milli ára nemur því um 6,6%. Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 554,1 millj. kr. en voru 542,2 millj. kr. á árinu 2010. Hækkun frá fyrra ári nemur 2,2%.

Veruleg breyting er á fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2011 námu 50,3 millj. kr., samanborið við 25,3 millj. kr. á árinu 2010.

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti ársins 2011 nemur veltufé frá rekstri 39,7 millj. kr. samanborið við 36,0 millj. kr. á árinu 2010.

Rekstrarhalli ársins nemur því 17,5 millj. kr. fyrir A og B hluta, samanborið við 14,5 millj. kr. rekstrarhalla á árinu 2010.

Sveitarstjóri lagði jafnframt fram greinagerð vegna ársreiknings Langanesbyggðar árið 2011.

Ársreikningi vísað til síðari umræðu og sveitarstjóra falið að senda út fréttatilkynningu. Seinni umræða verður á fimmtudaginn 12. apríl kl. 17:00.

*Samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki gert, fundargerðin upplestin og samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 18.00.